

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2012

2012/EES/34/09

frá 10. febrúar 2012

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2008 frá 27. mars 2008 um efnivið og hluti úr endurunnu plasti, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2023/2006 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Löggjöf um matvæli skal ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2023/2006):
„eins og henni var breytt með:
– **32008 R 0282**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2008 frá 27. mars 2008 (Stjtið. ESB L 86, 28.3.2008, bls. 9).“
2. Eftirfarandi bætist við á eftir 55. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011):
„56. **32008 R 0282**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2008 frá 27. mars 2008 um efnivið og hluti úr endurunnu plasti, sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2023/2006 (Stjtið. ESB L 86, 28.3.2008, bls. 9).
Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
Ákvæði stafl. d) í 4. mgr. bókunar 1 við samninginn gilda ekki um 6. gr. reglugerðarinnar.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 282/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 86, 28.3.2008, bls. 9.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.